

Hafnarfirði, 1. nóvember 2021

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Tvennt mikilvægt úr skólalífinu:

Upp hefur komið **smit í nemendahópnum**. Nemandinn var ekki í sóttkví þegar hann greindist og var í skólanum fyrir helgi. Hann er sem betur ekki með mikil einkenni og er heima við í einangrun. Nánustu ættingjar hans og vinir eru í sóttkví en ekki er þörf á að setja stóra nemendahópa í sóttkví. Engu að síður er mikilvægt að **ef einhverjir finna fyrir einkennum eða eru veikir** að drífa sig í skimun og vera heima þangað til að niðurstaða fæst. Einnig, og ávallt, er mikilvægt að huga vel að persónulegum sóttvörnum.

Nú er valviku um það bil að ljúka en enn eiga margir nemendur eftir að velja. Ég vil **ítreka mikilvægi þess að velja áfanga fyrir næstu önn** og á þetta við alla nemendur á 2., 3. og 4. ári. Þannig staðfesta nemendur áframhaldandi skólavist á næstu önn og er hægt að tryggja að þeir fái áfanga við hæfi. Það er því mikilvægt að gefa sér tíma og **fara inn á INNU**, smella á hnappinn **VAL**, velja **VORÖNN 2022** og setja á sig áfanga.

Gangi ykkur vel!

Með bestu kveðju,

Erla

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400